

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
nordur- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp
sveitarómaga.

1867.
24. ágúst.

Þegar stjórnarráðinu hafði borizt með bréfi yðar, herra amtmáður, dagsettu 27. janúarmán. f. á., skjal frá hreppstjórunum í Torfastaðahrepp í Húnavatnssýslu, þar sem þeir skjóta til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, er vesturamtið hafði kveðið

Jón nokkur Sveinsson, sem eptir framkomnum upplýsingum hefir dvalið önnur ár samfleytt, eða frá 1827 til 1832, í Helgastaðahrepp innan Þingeyjarsýslu, en hvergi síðan með dvöl sinni áunnið sér sveitarframfærslu, sè sveitlagur í Helgastaðahrepp eða í Öngulstaðahrepp í Eyjafjarðarsýslu, sem er fæðingarhreppur hans.

Eptir að hafa skrifast á við sýslumanninn í Eyjafjarðarsýslu um þetta málefni, og meðtekið frá honum skjöl málsins, sem hjá honum geymdust, tilkynnist yður hérmeð til þóknanlegrar aðgæzlu og auglýsingar fyrir hreppstjórunum í Helgastaðahrepp, að amtið verður að álita, að Jón Sveinsson hafi með dvöl sinni í tæðum hrepp eignast þar framfærslurétt, því eins og lög um hefð og fyrningar verka aptur fyrir sig, svo hefir og í ýmsum tilfellum áður verið úrskurðað, þegar dvöl þarfalings var byrjuð í einhverjum hrepp, áður en reglugjörð 8. janúarmán. 1831 náði lagagildi, að ár þau, sem liðin voru á undan þessum tímamarki, mætti leggja saman við þau ár, sem á eptir komu, til þess að fylla 5 ára dvölinu, sem 6. grein reglugjörðarinnar útheimtir til þess, að maður ávinni sér framfærslurétt í einhverri sveit. og hlýtur þá sá eins að eignast framfærslurétt í einhverri sveit, sem hafði hýrzt þar full 5 ár, áður en lagabodið gekk í gildi. Hin nýnefnda lagagrein bendir einnig til að þetta hafi verið meining löggjafans, þar sem segir í henni: „Samt á sú framfærsla, til hvernar ein persóna nú þegar er komin eptir þeim þingadtil gildandi reglum (þ. e. að segja eptir reglunum um 20 ára hreppinn) á einhverja sveit, framvegis að viðhaldast, án þess að framanskriðuð ákvörðun (þ. e. um 5 ára dvölinu) megi þar á gjöra nokkura umbreyting“, því þar í virðist liggja, að sá, sem hafði dvalið 5 ár í einhverri sveit, á meðan 20 ára hreppurinn gildi, en var ekki tekinn þar til sveitarframfærslu, skyldi fyrir dvöl sína njóta þar sveitarframfæris, ef hann þyrfti þess með.

1867.
21. ágúst.

upp 1. nóvembermán. 1859 um framfærslurètt Benjamíns nokkurs Bergþórssonar, sem nú er dáiinn, leitaði stjórnarráðið álits amtmannsins í vesturumdæminu um málið, sèr í lagi vegna þess, að nýjar upplýsingar voru komnar fram í því frá því að áður nefndur úrskurður var upp kveðinn, og höfum vèr því næst fengið frá amtmanninum í vesturumdæminu eptirrit það, er fylgir bréfi þessu, af prófi, sem haldið hefir verið í lögreglurètti í Snæfellsnessýslu málinu til ítarlegri skýringar.

Með því að álita verður nægilega sannað með tæðu prófi, að áður nefndur Benjamín Bergþórsson hafi ekki dvalið í Skógarstrandarhrepp eins langan tíma, og útheimtist samkvæmt 6. grein í reglugjörd 8. janúarmán. 1834 til þess að öðlast þar framfærslurètt, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að fyr nefndur úrskurður vesturamtsins 1. nóvembermán. 1859 í máli þessu skal standa óbreyttur¹.

¹) Úrskurður Melsteðs amtmanns er svo lálandi:

Með bréfi frá 31. marzmán. þ. á. hafið þér, hávelborni herra amtmaður, sent hingað eptirrit af bréfi til yðar frá sýslumanninum í Húnavatssýslu með 6 fylgiskjölum viðvíkjandi framfærslu-átthögum Benjamíns heitins Bergþórssonar, er eitt sinn var á Arnhúsum á Skógarströnd, og hafið þér í ofannefndu bréfi yðar skotið til þessa amts atkvæða og úrslita kröfum sýslumannsins í Húnavatns-sýslu og hreppstjóranna í Þorkelshólshrepp, að ekkja ofannefnds Benjamíns, Þuríður Lilja Þórdardóttir verði með ómögum sínum tekin til framfæris á Skógarstrandarhrepp í Snæfellsnessýslu, og að tæður hreppur verði skyldaður til að endurborga lánsstyrk þann, er áðurnefnd ekkja hefir þegið úr Þorkelshólshrepps fátækraþjóði, og þar hjá hafið þér bent til þess, að leitað væri með réttarprófi ítarlegri upplýsinga um burtför ofannefnds Benjamíns frá Arnhúsum fyrir vorið 1843.

Af þessu tilefni uppálagði amtið með bréfi af 18. júnímán. þ. á. sýslumanninum í Snæfellsnessýslu að fyrirtaka áminnzt réttarpróf, samt að gefa álit sitt um málið yfir höfuð. En þareð sýslumaðurinn kringumstæðanna vegna ekki gat sjálfur komið því við

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

1867.
28. ágúst.

Með bréfi dagsettu 21. janúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmadur, sent hingað skjal frá hreppstjóranum í Skefilstaðahrepp í Skagafjardarsýslu, þar sem hann áfrýjar til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, er þér hafið kveðið upp 3. marzmán. 1854, og ákveður, að Kristján Skel Skúlason, sveitarómagi, sé sveitlægur á tæðum hrepp.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar

að taka ofangreint próf, fékk hann til þess af amtinu átoriseraðan mann, hvert réttarpróf í verifiseraðri útskrift af pólittréttarprótókol Snæfellsnessýslu eg hér hjálagað æruskuldugast sendi yðar hávelborinheitum ásamt með erkleringu sýslumannsins í Snæfellsnessýslu af 30. sept. þ. á., og þareð gleymzt hefir að innfæra á réttargjörðina amtsins átorisatiún, læt eg einnig fylgja verifiseraða afskrift af henni.

Af ofangreindu réttarprófi virðist mega ráða, að optnefndur Benjamín Bergþórsson ekki hafi áunnið sér framfærslu á Skógarstrandahrepp með 5 ára samfleyttri dvöl, eptir því sem fyrir er mælt í reglugjörð 8. jan. 1834 6. gr. smbr. kansellibréf til vesturamtsins frá 18. apríl 1843, hvar skýlaust er tekið fram, að full 5 ára samfleytt dvöl útheimtist til að ávinna framfærissrétt í einum hrepp, og að þenna 5 ára tíma beri að reikna eptir tilsvarendi degi í þeim árum, sem um ræðir, svo að t. a. m. sá, sem komið hefir í einn hrepp 6. júní 1840, ekki hafi áunnið sér þar framfærissrétt fyr en 6. júní 1845, hversvegna amtið ekki getur álitíð, að Skógarstrandahreppur í Snæfellsnessýslu sé skyldur til að taka ekkju meirnefnds Benjamíns Bergþórssonar og ómaga hennar til forsgunar, eður að borga lánsstyrk þann, er hún hefir fengið úr fátækra sjóði þorkelshólshrepps í Húnavatnssýslu.

Þetta undanfelli eg ekki hérmeð æruskuldugast að tilkynna yðar hávelborinheitum, um leið og eg endursendi þau með ofanefndu bréfi yðar meðfylgjandi fylgiskjöl.